Sunnudaginn 7 mai 1939 var aðalfundur Hestamannafélagsins „Glaður“ haldinn að Nesodda. Mættir voru 26 félagsmenn.

Fundarmál:

1. Formaður setti fundinn, og las upp fundargjörð síðasta aðalfundar og reikning félagsins fyrir árið 1938. Var hann samþykktur í einu hljóði.
2. 5 menn sóttu um inntöku í félagið og var samþ. í einu hljóði að taka þá í félagið.
3. Rætt um kynbótahest fyrir félagið. Formaður skýrði frá að ekki hefði verið keyptur hestur ennþá, en hins vegar hefði hann tilboð frá Þorbirni Olafssyni á Harrastöðum um að leigja félaginu hest í vor gegn sanngjarnri leigu. Eftir nokkrar umræður

var samþykkt að taka umræddu tilboði.

4. Kosin stjórn félagsins:

Jón Sumarliðason form. með 19 atkv.
Gísli Þorsteinsson gjaldkeri — 14 — —
Flosi Jónsson ritari — 12 — —

Vara stjórn:

Magnús Guðmundsson formaður
Friðfinnur Sigurðsson Gjaldkeri
Bjarni Gíslason ritari

Endurskoðendur kosnir:

Olafur Br. Gunnlaugsson
Pálmi Jónasson
og til vara:
Petur Sveinsson
Grímur Jónsson.

5. Samþykkt að halda kappreiðar á yfirstandandi sumri og stjórninni falið að ákveða kappreiðadag.

6 Til þess að sjá um merkjasölu

á kappreiðunum var kosinn
Jens Bjarnason og honum til
aðstoðar: Ólafur Br. Gunnlaugsson
Ebbi Jens Guðnason
Stefán Guðmundsson
Pálmi Jónasson
Jón Jóhannesson
og Hjörtur Einarsson.
7. kosinn til að sjá um meskjasölu
að dansinum Flosi Jónsson
og til vara Magnús Guðmundsson
8. Kosnir til að sjá um dansinn:
Guðm. Guðbrandsson
Magnús Jósepsson
Magnús Rögnvaldsson
Gestur Jósepsson, ~~og~~ Grímur Jónsson
og Oddur Eysteinsson.
9. Samþykkt tilboð Guðlaugs Magnússonar á Kolsstöðum um að taka að sér
veitingar á kappreiðunum gegn 80 kr.

gjaldi í peningum og kaffi og kökum
fyrir 60 manns.

10. Kosnir í dómnefnd:
Ásgeir Ásgeirsson prófastur.
Bjarni Gíslason
og Guðmundur Theodórsson
Til vara:
Jóhannes Benediktsson
Sigvaldi Indriðason.

11. Verðlaun á kappreiðunum
skulu vera eins og þau voru
síðastliðið ár, og auk þess metverðlaun
25 krónur fyrir stökk.

12. Ræsir kosinn Grímur Jónsson.

13. Samþykkt svo hljóðandi tillaga:
„Fundurinn felur stjórn félagsins
ásamt Magnúsi Guðmundssyni
og Jóni Jóhannessyni að undirbúa
og koma upp negirðingu kring um
fundarhúsið".

14. Samþykkt svo hljóðandi tillaga:
„Stjórninni er falið að fara fram á við Ungmennafélagið „Öskan“ að meiga setja dyr á hús þess á norðurhlið út á danspallinn“.
15. Kosnir til að sjá um aðgjörð á skeiðvellinum Friðfinnur Sigurðsson og Ragnar Sigurðsson.
16. Í til efni af því að Sumarliði Jónsson er fluttur burt af félagssvæðinu bar formaður upp tillögu þess efnis að hann væri kosinn heiðursfélagi félagsins og var það samþykkt með öllum atkv.

Upplesið. Samþykkt.
Fundi slitið.

Flosi Jónsson.
(ritari)